

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála  
Stjórnmálafræðideild  
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni  
starfsárið 2019**

Febrúar 2020

## Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála .....	3
1. Inngangur.....	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni.....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk .....	4
2.2 Samstarfsaðilar.....	5
2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni.....	7
3. Útgáfa og vefir .....	9
3.1 Vefúmaritið Stjórn mála & stjórnsýsla .....	9
3.2 Vefir stofnunarinnar .....	11
3.3. Vinnupappírar.....	11
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar .....	11
4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið.....	11
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar.....	13
4.3 Morgunverðarfundir.....	14
5. Fjármál stofnunarinnar .....	14
Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2019 .....	16
Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórn mála & stjórnsýsla árið 2019 .....	19

## **Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála**

Árið 2019 var sautjándi starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og nefna ber nokkur atriði sem settu mark sitt á starfsárið.

Stofnunin leitaðist sem fyrr við að styðja við rannsóknir og fagþróun opinberrar stjórnsýslu, og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði í nánú samstarfi við Stjórn málafræðideild og kennara hennar og hafði umsjón með rannsóknarverkefnum. Í byrjun apríl var Rannsóknasetrið um sveitarstjórnarmál formlega opnað í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni. Skrifað var undir nýjan samstarfssamning við forsætisráðuneytið þar sem samstarfið var útvíkkað og nær núna líka til rannsókna. Útgáfa tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla var mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar eins og fyrri ár, sem og umsjón stofnunarinnar með útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál (TVE). Mikil breidd var í viðfangsefnum námskeiðanna sem stofnunin skipulagði fyrir starfsfólki í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum, og hefur heildarfjöldi þátttakenda í námskeiðum aldrei verið meiri. Sem fyrr voru haldnir fjöldi opinna funda um rannsóknir fræðimanna og um málefni líðandi stundar í samstarfi við ýmsa aðila. Fjölgun var í starfslíði stofnunarinnar á árinu. Sem fyrr störfuðu Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður, og Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu stofnunarinnar í Gimli, en í byrjun árs hóf Helga Kristín Sæbjörnsdóttir störf sem verkefnisstjóri við Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál með aðsetur á Laugarvatni. Einnig komu þrír nýir starfsmenn inn í tímabundin hlutastörf hjá stofnuninni, þau Kjartan Páll Sveinsson, Árný Lára Sigurðardóttir og Randver Kári Randversson.

Margrét S. Björnsdóttir, stjórnarformaður, og Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

## 1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Starfsemi stofnunarinnar starfsárið 2019 fylgdi sömu áherslum og fram koma í stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2013-2014 þar sem eftirfarandi verkefni voru þá skilgreind af stjórn sem áhersluþættir í starfsemi stofnunarinnar:

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstaða með útgáfu tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs Stjórn málafræðideildar.
2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.
3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórn mála og málefni líðandi stundar.
4. Fjármál og reglur stofnunarinnar.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 17. starfsári hennar árið 2019.

## 2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

### 2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjá menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Margrét S. Björnsdóttir, formaður stjórnar, Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson. Aðrir í stjórn eru: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ og skipaður af rektor, Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en hún er fulltrúi forsætisráðuneytisins í stjórn, og Helga Björg Ragnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra, fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn. Stjórnin fundaði einu sinni á árinu, í byrjun árs, en seinni fundi ársins var frestað fram yfir áramót vegna veikindaleyfis forstöðumanns í nóvember til desember.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu. Á árinu störfuðu þrjú starfsmenn í fullu starfi hjá stofnuninni: Sjöfn Vilhelmsdóttir, forstöðumaður, Lára Hrönn Hlynsdóttir, verkefnisstjóri á skrifstofu, og Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, verkefnisstjóri við Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál með aðsetur á Laugarvatni. Sjöfn forstöðumaður var námsleyfi í alls tvo mánuði á árinu til klára doktorsritgerð sína. Einnig störfuðu Kjartan Páll Sveinsson, Árný Lára Sigurðardóttir og Randver Kári Randversson í hlutastarfi við stofnunina. Kjartan Páll hafi umsjón með útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál (TVE), en stofnunin sér um útgáfu tímaritsins í

samstarfi við ritstjórn TVE. Árný Lára aðstoðaði við undirbúning og utanumhald á námskeiðum stofnunarinnar, en mikil aukning var í fjölda námskeiða á árinu 2019 frá fyrri árum. Randver Kári vann ákveðið verkefni varðandi skráningu greina á vef tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla. Þá hafði Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla, sem og vef TVE.

## 2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnsmálafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. Forsætisráðuneytið, Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, Reykjavíkurborg, Jafnréttisstofu og aðrar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórnsmálaflokka, stéttarfélög og önnur félagsamtök. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og Háskóli Íslands skrifuðu undir samning um stofnun Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á haustmánuðum 2018. Rannsóknasetrið er hluti af Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnsmála, en starfsstöð er í húsnæði háskólans á Laugarvatni, og er um að ræða tilraunaverkefni til þriggja ára.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikill styrkur í fjárhagslegu tilliti. Þriggja ára samningur er í gildi (2018-2020) sem tekur til fjöggra þátta: 1. þjónustuverkefni, 2. stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn borgarinnar, 3. hugmyndabanki um rannsóknarverkefni og, 4. þátttaka í námskeiðum í opinberri stjórnsýslu og kynjafræðum.

Eins og fyrri ár stóð stofnunin fyrir sex vikna námskeiði í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið í byrjun árs, en stofnun og ráðuneytið hafa átt með sér samstarf um námskeiðahald frá árinu 2005. Stofnunin skrifaði undir nýjan samstarfssamning við forsætisráðuneytið á vormánuðum þar sem samstarfið var útvíkkað og fjárframlag ráðuneytisins til stofnunarinnar hækkað. Samningurinn gildir til tveggja ára (2019-2020) og tekur til fjöggra þátta: 1. rannsóknarverkefni um árangur í stefnumótun, 2. framkvæmd könnunar á stöðu stefnumótunar innan Stjórnarráðsins, 3. Stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn stjórnarráðsins, og 4. hugmyndabanki um rannsóknarverkefni fyrir nema.

Á vormánuðum var skrifað var undir samning um styrkveitingu Seðlabankans til stofnunarinnar vegna útgáfu tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla. Seðlabankinn hefur stutt útgáfu tímaritsins fjárhagslega undanfarin ár, en með samningnum er stuðningur bankans við tímaritið fastbundinn til fimm ára (2019-2023).

Samstarf stofnunarinnar við Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE) hélt áfram á árinu 2019, en stofnunin hefur haft umsjón með útgáfu tímaritsins í samstarfi við ritstjórn þess frá því 2017. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskiptafræðideild HÍ og Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritryndum greinum sem

kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfunda og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál, útgáfuboð og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í vefútgáfu árið 2019, í júní og svo aftur í desember. Kjartan Páll Sveinsson sinnir verkefnum stofnunarinnar við útgáfu TVE. Vefsíða tímaritsins er: [www.efnahagsmal.is](http://www.efnahagsmal.is)

Samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur alla tíð verið mjög farsælt og hefur leitt af sér viðamikla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sérstaklega getið. Samstarf stofnunarinnar og FFR árið 2019 fólst í að standa fyrir morgunverðarfundum og námskeiðum um málefni stjórnslunnar. Sjá nánari umfjöllun um morgunverðarfundum og námskeið sem stofnunin og FFR stóðu saman að á árinu í köflum 4.1 og 4.3 og yfirlit í viðauka 1. Einnig stóðu stofnunin og FFR að fræðslufundi um lífeyrisréttindi og reglur um starfslok forstöðumanna ríkisstofnana fyrir félagsmenn FFR. Fyrirlesarar voru Ágústa Hrönn Gísladóttir, forstöðumaður réttindamála hjá LSR, og Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, en Kjartan Bjarni verið með styttri námskeið um ýmsa þætti starfsmannaréttar mörg undanfarin ár á vegum Stofnunar stjórnslufræða og stjórn mála.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náið samstarf um skipulagningu á viðburðum við Félag stjórn málafræðinga, kennara Stjórn málafræðideildar, og rannsóknarstofnanir við aðrar deildir háskólans. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni líðandi stundar sem stofnunin stóð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

Einnig má nefna að forstöðumaður hefur verið leiðandi í að koma á samstarfi milli stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands og stjórn málafræðideildar Háskólans í Namibíu (University of Namibia - UNAM). Í ársbyrjun komu tveir kennarar frá UNAM í heimsókn til Íslands í gegnum Erasmus+ prógrammið og sá forstöðumaður um að skipuleggja heimsóknina. Gestirnir funduðu með kennurum í Stjórn málafræðideild, heldu fyrirlestra fyrir nemendur um Namibíu, auk þess að hitta fulltrúa Reykjavíkurborgar og Fjármálaráðuneytisins sem fara með kynjaða fjármálagæð, sem og sérfræðinga á því sviði í innan háskólans. Sumarið 2020 ætla forstöðumaður og Silja Bára Ómarsdóttir dósent við Stjórn málafræðideild að heimsækja Háskólann í Namibíu og verður ferðin farin með stuðningi frá Erasmus+ prógramminu.

Stofnunin hefur í gegnum tíðina tekið þátt í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hér er annars vegar átt við þátttöku í fundum Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Einnig hafa norrænir samstarfsaðilar haft með sér sérstakt tengslanet undir heitinu Nordic Civil Service Training Institute Network. Forstöðumaður stofnunarinnar tók ekki þátt í fundum á þessum samstarfsvettvangi á árinu 2019.

## 2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu:

**2.3.1 Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs.** Um er að ræða rannsóknarverkefni sem var skipulagt til fjögurra ára (2014-2018) þar sem athyglinni var beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórn mála flokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs hafa tekið þátt í verkefninu. Stofnunin hefur séð um rekstur verkefnisins í samstarfi við rannsóknarstjóra. Verkefni var formlega lokið í maí 2018 þegar sérhefti með tíu ritrýndum fræðigreinum sem allar byggðu á rannsóknum í verkefninu kom út hjá Stjórn mála & stjórnsýslu. Hins vegar á enn eftir að koma út bók um áhrifahópa í íslensku samfélaginu í nafni rannsóknarverkefnisins. Rannsóknarstjóri vann við ritun bókarinnar á árinu 2019 og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar hann við gagnöflun og úrvinnslu. Á vefsíðu verkefnisins má sjá afrakstur rannsókna verkefnisins frá 2014-2018 ([www.vol.hi.is](http://www.vol.hi.is)).

**2.3.2 Rannsóknarverkefni um lögmæti.** Árið 2018 hlaut rannsóknarverkefnið *Hefur lögmæti áhrif?* (e. Does legitimacy make a difference?) þriggja ára (2018-2020 verkefnastyrk upp á 26 milljónir úr Rannsóknasjóði Íslands (Rannís). Rannsóknin leitast við að meta hvort lögmæti hafi áhrif á hegðun fólks og þar er sjónum sérstaklega beint að skattaundanskotum, spillingu og popúlisma. Rannsóknarstjóri verkefnisins er Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, en hlutverk stofnunarinnar í verkefninu felst í aðstoða við gagnaúrvinnslu, sjá um fjármálaumsýslu og hafa umsjón með viðburðum og kynningum á rannsóknarniðurstöðum í samstarfi við rannsóknarstjóra. Framvinda rannsóknarverkefnisins á árinu var samkvæmt áætlun. Gagnasöfnun lauk á vormánuðum og tók þá við gagnaúrvinnslu og greining og aðstoðaði verkefnisstjóri stofnunarinnar rannsóknarstjóri í því verkefni. Þrjú mastersnemendur skrifuðu lokaritgerðir sínar um megináherslu efni rannsóknarinnar (skattaundanskot, spilling, og populisma) og fengu greidd nemalaun í þrjú mánuði meðan á ritgerðarskrifunum stóð. Tvö handrit að greinum um niðurstöðum rannsóknarinnar hafa verið send til alþjóðlegra fræðitímarita til birtingar.

**2.3.3 Þátttaka í faghópi III vegna fjórða áfanga Rammaáætlunar.** Árið 2018 var forstöðumaður skipaður í faghóp III í verndar- og orkunýtingaráætlunar umhverfis- og auðlindarráðuneytisins (í daglegu tali nefnd Rammaáætlun), en skipunartími faghópsins er til apríl 2021. Í hópnum sitja fjórir sérfræðingar og hlutverk hans er að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til áhrifa þeirra á samfélagið, svo sem áhrifa á félagslega velferð íbúa, samfélagslegra fjölbreytni, samskipti og samstöðu. Faghópi III er einnig ætlað að þróa aðferðarfræði sem nýtast á við mat á virkjunarvalkostum í 4. áfanga Rammaáætlunar. Sem hluti af þeirri þróunarvinnu ákvað hópurinn að gera vinna rannsókn þar sem markmiðið var að kanna samfélagsleg áhrif nokkurra virkjana sem reistar hafa verið á Norðurlandi, eða áform hafa verið um að reisa. Svæði rannsóknarinnar voru Suður-Þingeyjarsýsla og Austur-Húnavatnssýsla. Áhersla var á reynslu og viðhorf heimamanna, bæði almennings og fólks með sérþekkingu vegna starfa sinna, s.s. í sveitarstjórn, lykilatvinnugreinum og umhverfismálum. Tilgangurinn var að nota svo niðurstöður í þróun aðferða við mat á samfélagsáhrifum í rammaáætlun. Fulltrúarnir í faghópnum

sinntu framkvæmd rannsóknarinnar, allt frá hönnun rannsóknasniðs að skýrslugerð, og tók vinnan í starfi faghópsins töluverðan starfstíma forstöðumanns á árinu.

**2.3.4 Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál.** Hlutverk rannsóknasetursins er að vera í senn rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun fyrir sveitarstjórnarstigið og sinna rannsóknum sem styðja við opinbera stefnumótun og ákvarðanir í málefnum sveitarfélaga og á sviðum byggða-, samgöngu- og samskiptamála. Rannsóknarstjóri setursins er Eva Marín Hlynsdóttir, dósent í opinberri stjórnsýslu við Stjórnmaláfræðideild, en forstöðumaður stofnunarinnar er jafnframt forstöðumaður setursins. Í ársbyrjun hóf Helga Kristín Sæbjörnsdóttir störf sem verkefnisstjóri setursins með starfsstöð í húsnæði Háskólans á Laugarvatni. Fyrstu vikur starfstíma hennar fóru í að kynnast starfi stofnunarinnar og háskólans og setja upp starfsstöð og aðsetur setursins í húsnæði HÍ á Laugarvatni. Það kom fljótlega í ljós að viðhaldi á húsnæðinu á Laugarvatni hafði ekki verið sinnt sem skyldi undanfarin ár og misseri. Þak byggingarinnar lak og það var vart við myglu í húsnæðinu.

Rannsóknasetrið var samt sem áður formlega opnað í byrjun apríl með viðhöfn. Dagskráin hófst með málstofu um stöðu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og samspil við embættismenn, en fyrirlesari var Colin Copus emeritus prófessor í sveitastjórnarfræðum við De Montfort háskólann í Leicester og gestaprófessor við við háskólann í Ghent. Í framhaldi var haldin opunarhátíð undir fyrirsögninni „Niður úr flabeinsturninum: Hvað geta rannsóknir gert fyrir íslensk sveitarfélög á 21. öldinni?“. Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála hélt opunarávarp. Fyrirlesarar voru Colin Copus emeritus prófessor við De Montfort háskóla í Leicester, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við stjórnmaláfræðideild HÍ og rannsóknarstjóri setursins. Hins vegar varð það ljóst í lok apríl að ekki væri hægt að vera með rannsóknasetrið í húsnæði háskólans á Laugarvatni án þess að farið væri í lagfæringar á því til að koma í veg fyrir leka og myglumyndun. Verkefnisstjórinn hafði strax og hún hóf störf byrjað að finna fyrir einkennum sem má rekja til ofnæmisviðbragða við myglu. Niðurstaðan var sú að aðstöðu setursins í húsnæðinu var lokað í byrjun maí og verkefnisstjórinn fékk nýja vinnuástöðu í húsnæði Menntaskólans á Laugarvatni. Viðgerðum á húsnæðinu lauk síðan á haustmánuðum, en verkefnisstjóri setursins fær enn ofnæmisviðbrögð þegar hún fer inn í bygginguna og hefur því setrið ekki opnað aftur í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni.

Vandamál með aðstöðuna í húsnæði Háskóla Íslands á Laugarvatni og síðar lokun setursins þar hafa haft áhrif á framvindu verkefnisins. En margt hefur áunnist, sérstaklega hvað varðar rannsóknarhlutann í starfinu. Mikill kraftur hefur verið í gagnaöflun og gagnaúrvinnslu, bæði fyrir grunnrannsóknir um íslensk sveitarstjórnarmál og í tengslum við verkefni rannsóknarstjóra. Umsókn undir formerkjum setursins var send inn til Rannís í júní og má vænta niðurstöðu úr því ferli um miðjan janúar 2020. Það liggur fyrir að styrkur frá Rannsóknasjóði HÍ verður nýttur fyrir gagnaöflun og rannsókn á stöðu kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum á árinu 2020. Hlaðvarp um sveitarstjórnarmál undir formerkjum setursins fór í loftið síðla ár, en þar er rætt við fræðafólk um rannsóknir sem snúa að málefnum sveitarstjórnarsigsins. Þrjú námskeið voru haldin á árinu sérstaklega fyrir starfsfólk í stjórnsýslu sveitarfélaga. Byrjað er að vinna sérstaka vefsíðu fyrir setrið þar sem samskiptavið háskólans hefur endurtekið frestað endurnýjun á vef stofnunarinnar.

**2.3.5 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti.** Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og



Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála síðla árs 2016. Engir viðburðir voru skipulagðir á vegum setursins árið 2019.

Einnig má nefna að stofnunin tekið að sér afmarka þætti í rannsóknarverkefnum kennara við Stjórnmálafræðideild og hefur þessi þáttur verið að aukast í starfi stofnunarinnar undanfarin ár. Annað árið í röð vann stofnunin verkefni fyrir Íslensku kosningarannsóknina sem sér að frágangi á gögnum fyrir alþjóðlega gagnagrunna og skýrsluskrifum. Einnig aðstoðaði stofnunin Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur, dósent við Stjórnmálafræðideild, við gangaöflun í rannsóknarverkefni hennar.

Í mörg ár sá stofnunin um að skipuleggja Rannsóknarborð kennara við Stjórnmálafræðideild, en árið 2019 tóku kennarar deildarinnar yfir umsjón með Rannsóknarborðinu. Á heimasíðu stofnunarinnar [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is) má finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórnmálafræðideildar undir Rannsóknaráherslur fræðimanna.

### 3. Útgáfa og vefir

#### 3.1 Veftímaritið Stjórnmál & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út veftímaritið Stjórnmál & stjórnsýsla frá árinu 2005. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tölublöðin eru öllum aðgengileg á vefsíðunni [www.irpa.is](http://www.irpa.is) sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration - IRPA*. Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í byrjun júní þetta starfsárið. Um 100 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 12 opinberar stofnanir sem styðja útgáfuna sérstaklega með hærri styrktaráskrift. Einnig hefur Seðlabanki Íslands styrkt útgáfuna með fjárframlagi og var stuðningur bankans við útgáfuna formgerður með undirskrift styrksamnings til fimm ára árið 2019 (2019-2023). Tímaritið hefur á síðustu árum eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2019 hafa birst 255 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Við útgáfu veftímaritsins í júní og desember var boðið til útgáfuhófs þar sem höfundum var gefið tækifæri til að kynna efni greinar sinni. Í útgáfubodinu í júní kynnti Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, dósent við Viðskiptafræðideild HÍ, grein þeirra Þórhalls Arnars Guðlaugssonar, *Stéttarfélagsaðild á Íslandi*, en í júníheftinu voru sex ritrýndar greinar. Í útgáfubodinu í desember kynnti Eva H. Önnudóttir, dósent við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, grein þeirra Eiríks Búa Halldórssonar, *Kosningaþáttaka ungs fólks á Íslandi, kynslóðabil, ábugi á stjórnmálum og flokksbollusta*, en því tölublaði voru einnig sex ritrýndar greinar.

Í ritstjórn tímaritsins sitja fimm manns: Gunnar Helgi Kristinsson, aðalritstjóri, Eva H. Önnudóttir, dósent, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent og Agnar Freyr Helgason lektor, en þau starfa öll við Stjórnmálafræðideild HÍ, og svo Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða

og stjórn mála. Margrét S. Björnsdóttir, hætti í ritstjórn í byrjun árs 2019, en hún hafði starfað með ritstjórn allt frá upphafi útgáfu tímaritsins árið 2005. Umsjón með útgáfunni hafði sem fyrr forstöðumaður stofnunarinnar, en Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnsmál & stjórnsýsla eru því metnar í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu árið 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita, og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Ritstjórn og útgefandi hafa unnið að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í Scopus gagnagrunninum.

Tímaritið er með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, en þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Sem útgefandi tímaritsins er stofnunin meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi 2005 fengið slíkt númer.

2. **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki

Creative Commons Licences kemur fram á forsíðu tímaritsins Stjórnámál & stjórnsýsla til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

### 3. Open Journal Systems (OJS)

Stofnunin tók í gagnid ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ)**;
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics**;
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.

### 3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is), er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar og upplýsingar um þau rannsóknasvið sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins Stjórnámál & stjórnsýsla ([www.irpa.is](http://www.irpa.is)) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar ([www.vol.hi.is](http://www.vol.hi.is)).

### 3.3. Vinnupappírar

Árið 2018 hóf stofnunin að birta „vinnupappíra“ (e. working papers) fræðimanna á vefsíðu sinni. Um er að ræða handrit að tímarits- og/eða ráðstefnugreinum sem enn eru á vinnslustigi og hafa því ekki farið í gegnum ritrýniferli, en viðfangsefni þeirra eru á sviðum stjórnmála- og stjórnsýslufræða. Allir vinnupappírar fá sér númer og útgáfan er með skráð með ISSN númer. Vinnupappírarnir birtast á vefsíðunni undir „útgáfa“. Það voru engar nýjar birtingar árið 2019.

## 4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnmál og málefni líðandi stundar

### 4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Allt frá stofnun hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Bæði er boðið upp á staðnám og fjarnám með streymi í rauntíma sem síðar er aðgengilegt sem upptaka, en með undantekningum í námskeiðum þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni. Stofnunin stóð fyrir 21 fræðsluviðburðum á árinu sem er mikil aukning frá árinu á undan þar sem 10 fræðsluviðburðir voru haldnir: 19 námskeiðum og tveimur lokuðum námskeiðum annars vegar fyrir stjórnendur Hrafnistu að beiðni Hrafnistu og hins vegar fyrir stjórnendur Seltjarnarnesbæjar að beiðni sveitarfélagsins. Fimm ný námskeið voru í boði á árinu 2019, en sem fyrr stóð stofnunin fyrir föstum námskeiðum á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við forsætisráðuneytið og Félags forstöðumanna með liðveislu og stuðningi Umboðsmanns Alþingis. Þrjú námskeið voru haldin í nafni Rannsóknarseturs um sveitarstjórnarmál þar sem markhópur námskeiðanna var starfsmenn í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Tvö þeirra voru haldin í staðarnámi á Ísafirði og Akureyri. Þriðja námskeiðið var haldið í samstarfi við Jafnréttisstofu þar sem einungis var boðið upp á fjarnám.

Alls sóttu 851 manns námskeið stofnunarinnar á árinu sem var um 33% aukning frá fyrra ári. Í viðauka 1 má einnig sjá yfirlit yfir námskeiðin.

Á árinu 2019 var í 15. skiptið haldið *Sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga*. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður og aðalkennari þess árið 2019 var Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru sérfræðingar frá Umboðsmanni Alþingis og forsætisráðuneytinu.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi þrettán hálf dags námskeið á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við stofnunina á árinu. Jafn mörg námskeið hefur Kjartan Bjarni ekki kennt á einu ári hjá stofnuninni. Fyrst skal nefna árlegu námskeiðin sem alltaf eru vinsæl: Í janúar, febrúar og mars voru haldin námskeiðin *Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna* sem var haldið aftur í október, *Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin?*, *Undanþáguákvæði upplýsingalaga*, *Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum?*, *Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna?* sem haldið var í febrúar og mars vegna mikillar þátttöku. Í apríl kenndi Kjartan nýtt námskeið um *Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – Nokkur álítaefni*. Aðsókn að námskeiðinu var mjög góð, og í annað sinn fór fjöldi þátttakenda í námskeiði hjá stofnuninni yfir 100 manns. Námskeiðið var síðan endurtekið í september við góðar undirtektir. Á haustönn voru haldin þrjú ný námskeið: *Starfsmannamál og persónuvernd: Hvaða reglur gilda um meðferð persónuupplýsinga starfsmanna?* þar sem fjöldamet var slegið og þar með varð það þriðja námskeiðið sem yfir 100 manns sóttu, *Hverjar eru helstu skyldur opinberra starfsmanna?* og *Jafnréttislögin og ábrif þeirra á opinberum og almennum vinnumarkaði*. Að auki skipulagði stofnunin í samstarfi við Kjartan Bjarna sérstakt námskeið um jafnréttislögin fyrir stjórnendur hjá Seltjarnarnesbæ að beiðni sveitarfélagsins. Námskeiðið var haldið um miðjan nóvember.

Um miðjan maí skipulagði stofnunin í þriðja sinn námskeið um *Áfallstjórnun (e. crisis management)*. Umsjón og fyrirlesari námskeiðsins var Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórnmálafræði og cand. oecon. í viðskiptafræði, en hún hefur sinnt rannsóknum og kennslu í áfallstjórnun hér á landi, í Svíþjóð, í Bandaríkjunum og verið gestaprófessor við Kýótó háskólann í Japan. Viðtökur við námskeiðinu voru góðar og verður námskeiðið árlegt á meðan þátttaka er næg.

Stofnunin stóð fyrir námskeiði um upplýsingaöryggi: *Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð* í október. Umsjón og fyrirlesari námskeiðsins var Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari í stjórnsýslufræðináminu hjá Stjórnmálafræðideild HÍ. Námskeiðið var skipulagt sem tveir hálfir dagar og var aðsókn að mjög góð eins og fyrri ár. Ákveðið var að prufukeyra námskeiðið á landsbyggðinni, annars vegar á Ísafirði og hins vegar á Akureyri, undir formerkjum Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál. Námskeiðið er þannig uppbyggt að ekki er hægt að kenna það í fjarnámi og nokkuð hafði verið um fyrirspurnir frá aðilum á landsbyggðinni um hvort ekki væri hægt að bjóða upp á námskeiðið utan höfuðborgarsvæðisins. Ein ástæða þess að leggja land undir fót var líka til að kynna starfsemi og þjónustu setursins. Hins vegar var aðsóknin því miður

dræm og ljóst að það eru ekki alltaf sjálfgefið að það gangi upp að skipuleggja námskeið í byggðlögum á landsbyggðinni.

Í desember héldu stofnunin og rannsóknarsetrið í samstarfi við og með stuðningi frá Jafnréttisstofu nýtt námskeið, *Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga með áherslu á kynjasambættingu*, og var það í fyrsta sinn sem námskeið fór einungis fram í gegnum fjarnám. Kennarar voru starfsfólk Jafnréttisstofu og fóru upptökur fram á Akureyri með tækniaðstoð og –aðstöðu frá Háskólanum á Akureyri. Námskeiðið skiptist niður á þrjá daga þar sem sent var út í tvo tíma í senn, síðan voru upptökur aðgengilegar. Þátttakendur gátu sent inn fyrirspurnir til kennara og í síðasta tímanum var boðið upp á samtal og umræður um jafnréttisáætlanir í gegnum zoom samskiptaforritið. Námskeiðið lukkaðist vel og farið verður í að þróa frekari sérstök fjarnámsnámskeið á nýju ári.

## 4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Stofnunin lagði sem fyrr áherslu á að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnsmál og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórnsmál. Alls sóttu um 396 manns þessa tegund viðburða á árinu 2019, sem voru:

- **Staða kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og samspil við embættismenn.** Málstofa haldin í tilefni opunarhátíðar Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni 5. apríl. Fyrirlesari var Colin Copus emeritus professor í sveitastjórnarfræðum við De Montfort háskólann í Leicester og gestaprófessor við háskólann í Ghent.

- **Niður úr filabeinsturninum: Hvað geta rannsóknir gert fyrir íslensk sveitarfélög á 21. öldinni?** Opunarhátíð Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni 5. apríl. Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála hélt opunarávarp. Fyrirlesarar voru Colin Copus emeritus prófessor við De Montfort háskóla í Leicester, Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar, Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við stjórnsmálafræðideild HÍ og rannsóknarstjóri setursins.

- **Eurovision og stjórnsmál.** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnsmálafræðinga 14. maí. Í pallborði voru Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórnsmálafræði, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, ráðgjafi hjá KPMG og Baldvin Þór Bergsson, dagskrárstjóri Rásar 2.

- **Alræðishugtakið.** Opinn fundur haldinn 17. maí. Fyrirlesari var Hannes H. Gissurarson, prófessor í stjórnsmálafræði og Sigurður Snævarr, heimsspekingur.

- **Hæfni og pólitískar ráðningar.** Hádegisfundur haldinn 24. maí. Fyrirlesari var Carl Dahlström, prófessor við Gautaborgarháskóla.

- **Populism and Polish politics.** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórnsmálafræðinga 14. maí. Fyrirlesari var Mikołaj Cześnik, dósent við SWPS háskólann í Varsjá.

- **Hvernig er hægt að auka traust til stjórn mála?** Málstofa sem Félag stjórn málafræðinga og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála stóðu að 18. júní. Auk fyrirlestra um meginefni ráðstefnunarinnar, veitti Félag stjórn málafræðinga verðlaun fyrir framúrskarandi lokaritgerðir í stjórn málafræði sem skilað var á árinu 2018.

- **Fræðslufundur um lífeyrisréttindi og reglur um starfslok forstöðumanna.** Fræðslufundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana 3. október. Lokaður viðburður.

- **Eru alpingsmenn rannsóknarefni?** Opinn fundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga 24. október. Fyrirlesari var Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur.

- **Sameining samþykkt! En hvað svo?** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga 26. nóvember. Fyrirlesarar voru Róbert Ragnarsson ráðgjafi hjá RR ráðgjöf og Eva Marín Hlynsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild HÍ.

- **Er í lagi að múta í útlöndum?** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga 5. desember. Í pallborði voru Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði í HÍ, Þórdís Ingadóttir dósent við lagadeild HR, Valgerður Anna Jóhannsdóttir lektor í fjölmiðlafræði í HÍ og Jón Ólafsson prófessor við Íslensku- og menningardeild í HÍ.

- **Um stjórn málamanninn Halldór Ásgrímsson.** Hádegisfundur haldinn 12. desember. Fyrirlesarar voru Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og Jón Sigurðsson fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins

#### 4.3 Morgunverðarfundir

Stofnunin hefur, sem fyrr segir, átt mjög farsælt samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) mörg undanfarin ár með það að markmiði að efla fræðslu og umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Fastur liður í þessu samstarfi hefur verið að standa reglulega fyrir morgunverðarfundum um málefni sem tengjast stjórnsýslufræðum og stjórnsýslu ríkisins. Fundirnir hafa verið vel sóttir, bæði af félagsmönnum FFR sem og af öðrum starfsmönnum í stjórnsýslunni, hjá samtökum og einkafyrirtækjum. Einn morgunverðarfundur var haldinn árið 2019 og sóttu um 94 manns fundinn þetta árið sem var:

- **Hvernig geta opinberar stofnanir tengt stefnumótun og áætlunargerð hjá sér við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna?** Morgunverðarfundur haldinn 22. nóvember í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Framsögumenn: Ásta Bjarnadóttir, sérfræðingur í forsætisráðuneytinu og í verkefnisstjórn stjórnarráðsins um heimsmarkmiðin, Marta Birna Baldursdóttir, sérfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta, Þröstur Freyr Gylfason, sérfræðingur á skrifstofu opinberra fjármála, fjármála- og efnahagsráðuneytið og Auður Finnbogadóttir, verkefnastjóri stefnumótunar hjá Kópavogsbæ.

#### 5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með styrksamningum, þjónustusamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum, og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar árið 2019 voru 62,9 milljónir, en stofnunin er með átta rekstrareiningar: 1) almennur rekstur; 2) rannsóknarreikningur Valds- og lýðræðisrannsóknar; 3) rannsóknarreikningur Rannsóknasetur í fjölmiðlun og boðskiptum; 4) rannsóknarreikningur Lögmætisrannsóknar; 5) Rannsóknasetur um sveitarstjórnarmál; 6) NoPSA 2020 – ráðstefna norrænna stjórn málafræðinga í ágúst 2020 (engar tekjur skráðar á árinu); 7) Tímarit um viðskipti og efnahagsmál/TVE; og 8) tímaritið Stjórn málafræðinga & stjórnsýsla.

Staðan á meginrekstrarreikningum stofnunarinnar (almennur rekstur og tímaritið Stjórn málafræðinga & stjórnsýsla) í árslok 2019 var jákvæð upp á rétt tæpar 6,5 milljónir króna.

Nánari greining á rekstri og fjármálum stofnunarinnar fyrir árið 2019 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar.

## **Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2019**

### **Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:**

**5. apríl: Staða kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum og samspil við embættismenn.** Opin málstofa í tilefni af opnunarhátíð Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál.

**5. apríl: Niður úr flabeinsturninum: Hvað geta rannsóknir gert fyrir íslensk sveitarfélög á 21. öldinni?** Opnunarhátíð Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál á Laugarvatni.

**14. maí: Eurovision og stjórn mála.** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

**17. maí: Alræðishugtakið.** Opinn síðdegisfundur haldinn í samstarfi við Hannes Hólmstein Gissurason, prófessor við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

**24. maí: Hæfni og pólitískar ráðningar.** Hádegisfundur.

**28. maí: Populism and Polish politics.** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

**18. júní: Hvernig er hægt að auka traust til stjórn mála?** Málstofa haldin á degi stjórn málafræðinnar í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

**18. júní: Kynning og útgáfuboð tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla.**

**21. júní: Kynning og útgáfuboð Tímarits um viðskipti og efnahagsmál.**

**3. október: Fræðslufundur um lífeyrisréttindi og reglur um starfslok forstöðumanna.** Lokaður viðburður fyrir félagsfólk Félags forstöðumanna ríkisstofnana.

**24. október: Eru alþingismenn rannsóknarefni?** Opinn síðdegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

**22. nóvember: Hvernig geta opinberar stofnanir tengt stefnumótun og áætlunargerð hjá sér við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna?** Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

**26. nóvember: Sameining samþykkt! En hvað svo?** Hádegisfundur haldinn ásamt Rannsóknasetri um sveitarstjórnarmál og í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.

**5. desember: Er í lagi að múta í útlöndum?** Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga.



**12. desember:** Um stjórnámálananninn Halldór Ásgrímsson. Hádegisfundur.

**17. desember:** Kynning og útgáfuboð tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýsla.

**Námskeið:**

**24. janúar:** Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**24. – 25. janúar:** Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

**28. janúar:** Hvernig á að standa að ráðningum hjá ríki og sveitarfélögum? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**28. janúar - 5. mars:** Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga haldið í samstarfi við Forsætisráðuneytið. Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Umsjón og aðalkennari: Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

**5. febrúar:** Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**7. – 8. febrúar:** Vinnustofa um verklag við þróun verkefna í velferðarþjónustu með aðferðum nýsköpunar (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Umsjón og fyrirlesari: Nikolaj Lubanski, forstöðumaður hjá Copenhagen Capacity Talent Department.

**19. febrúar:** Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**21. mars:** Undanþáguákvæði upplýsingalaga (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**28. mars** Hvaða reglur gilda um starfslok opinberra starfsmanna? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

**11. apríl:** Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – Nokkur álitæfni (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**8. maí:** Námskeið um upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum haldið á Ísafirði (heill dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ. Námskeiðið var haldið í nafni Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál.

**16. – 17. maí: Áfallastjórnun (Crisis management)** (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórn málafræði og Cand. Oecon. í viðskiptafræði.

**26. september: Námskeið um upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum haldið á Akureyri** (heill dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ. Námskeiðið var haldið í nafni Rannsóknaseturs um sveitarstjórnarmál.

**26. september: Meðferð persónuupplýsinga í stjórnsýslunni – Nokkur álitaefni** (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**10. október: Gildissvið upplýsingalaga og helstu reglur laganna** (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**10. – 11. október: Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð** (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

**22. október: Starfsmannamál og persónuvernd: Hvaða reglur gilda um meðferð persónuupplýsinga starfsmanna?** (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**7. nóvember: Hverjar eru helstu skyldur opinberra starfsmanna?** (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**21. nóvember: Jafnréttislögin og áhrif þeirra á opinberum og almennum vinnumarkaði** (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

**4., 5. og 6. desember: Fjarnámsnámskeið: Jafnréttisáætlanir sveitarfélaga með áherslu á kynjasambættingu** haldið ásamt Rannsóknasetri um sveitarstjórnarmál í samstarfi við og með stuðningi frá Jafnréttisstofu (alls 6 klst). Umsjón og fyrirlesari: Starfsfólk Jafnréttisstofu.

**5., 6. og 9. desember: Áfallastjórnun (Crisis management)** lokað námskeið fyrir stjórnendur Hrafnistu (3 heilir dagar – 3 mismunandi hópar). Umsjón og fyrirlesari: Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórn málafræði og Cand. Oecon. í viðskiptafræði

## Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórnsmál & stjórnsýsla árið 2019

### Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar vorið 2019:

1. **Local administrative capacity based on the presence of expert staff in municipal city halls and inter-municipal cooperation entities.** Höfundur: Eva Marín Hlynsdóttir.
2. **Decision-making efficiency, accountability and democracy in inter-municipal cooperation arrangements: The case of Iceland.** Höfundur: Grétar Þór Eyþórsson.
3. **Do municipal amalgamations affect interregional migration?** Höfundar: Vífill Karlsson og Grétar Þór Eyþórsson.
4. **Stéttarfélagsaðild á Íslandi.** Höfundar: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Þórhallur Örn Guðlaugsson.
5. **Kynferðisleg áreitni á vinnustað: Aðgerðir, aðgerðaleyfi og leiðin fram á við.** Höfundar: Gyða Margrét Pétursdóttir og Kristín Anna Hjálmarsdóttir.
6. **Opinber stefna, skólakerfið og hlutverk kennara – viðbragðsbúnaður skólans.** Höfundar: Sigrún Harðardóttir og Sigrún Júlíusdóttir.

### Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar haustið 2019:

1. **Stjórnkerfismiðjur: Samhent stjórnsýsla í framkvæmd á Íslandi.** Höfundur: Pétur Berg Matthíasson.
2. **Politics, marketing and social media in the 2018 local elections in Iceland.** Höfundar: Birgir Guðmundsson, Hafdís Björg Hjálmarsdóttir og Vera Kristín Vestmann Kristjánsdóttir.
3. **Þrástef, þagnir og mótsagnir um lýðræðislegt hlutverk íslenskra háskóla.** Höfundar: Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir.
4. **Er skortur á framboði eða er engin eftirspurn eftir konum í æðstu stjórnunarstöðum?** Höfundar: Ásta Dís Óladóttir, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Þóra H. Christiansen.
5. **Kosningaþátttaka ungs fólks á Íslandi, kynslóðabil, áhugi á stjórnsmálum og flokkshollusta.** Höfundar: Eiríkur Búi Halldórsson og Eva H. Önnudóttir.
6. **„Grýta þetta pakk“: Haturstjáning í íslensku samhengi.** Höfundar: Eyrún Eyþórsdóttir og Kristín Loftsdóttir.